



Stúdentaráð
Háskóla Íslands
STOFNAD 1920

Alþingi
Erindi nr. P 122/1815
komudagur 15.4.198

Athugasemdir við frumvarp til laga um húsnæðismál.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um húsnæðismál. Með frumvarpi þessu eru lagðar til gagngerar breytingar á uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Frumvarpið var ekki sent Stúdentaráði til umsagnar en viljum við engu að síður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Áður en lengra er haldið viljum við ítreka það sem þegar hefur verið sagt í umsögn Félagsstofnunar stúdenta varðandi ofangreint frumvarp. Þar kemur fram að illa er vegið að áætlunum um framtíðaruppbyggingu stúdentagarðanna. Breytingarnar geti leitt til mikillar hækkunar á leigu og gera allar framtíðaráætlanir erfiðar. Þetta leiðir til þess að uppbygging námsmannaíbúða kemur til með að dragast stórlega saman. Stúdentaráð lítur það mál alvarlegum augum þar sem augljóslega eru miklir hagsmunir í húfi.

Það sem athygli vekur í stefnu stjórnvalda og helst veldur okkur áhyggjum er eftirfarandi:

1. Engin úthlutun fékkst úr byggingarsjóði verkamanna á síðasta ári til uppbyggingar garðanna og stefnir allt í að úthlutunin verði engin aftur í ár.
2. Skv. umsögn fjármálaráðuneytisins er fyrirhugað að skera stórlega niður í lánveitingum til leiguíbúða. Einungis er áætlað að lána til um 25 íbúða á ári á árunum 1999 og 2000. Félagsstofnun stúdenta fékk úthlutað á bilinu 20-40 íbúðir á árunum 1992-1996 og er enn full þörf á slíkum fjölda árlega.
3. Í frumvarpi til laga um húsnæðismál er lagt til að fellt verði niður 3,5% framlag sveitarfélaga, lögð verði á stimpilgjöld og veitt dýrari framkvæmdalán en þetta kemur til með að leiða til aukins byggingarkostnaðar og þar af leiðandi hækkunar á leiguverði til stúdenta.
4. Mikil óvissa er um vaxtakjör á lánunum í framtíðinni og ekki óvarlegt að ætla að

markaðsvextir verði staðreyndin. Sú staðreynd kemur til með að leiða af sér hækkun á leigu um 30%.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á stúdentagörðunum á undanförunum árum. Þeirri uppbyggingu er ekki lokið en stefnt er að því að um 15% stúdenta við Háskóla Íslands eigi þess kost að búa á görðum meðan á námi stendur. Ljóst er að tilvist stúdentagarðanna er ekki einungis hagræði fyrir stúdenta heldur eru stúdentagarðarnir nauðsynleg forsenda náms hjá stórum hópi fólks. Er þar helst að nefna landsbyggðarfólk, einstæða foreldra og aðra sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Framboðið í dag fullnægir ekki eftirspurn og verður því að forgangsraða umsækjendum. Eins og fram kemur hér að ofan geta þær breytingar sem um ræðir leitt til allt að 30% hækkunar á leiguverði sem engan veginn getur talist ásættanlegt.

Tvær af meginforsendum uppbyggingar stúdentagarðanna eins og rekstri þeirra hefur verið háttáð á undanförunum árum er:

- a) lágt verð og
- b) stöðugleiki.

Ekki þarf að tíunda mikilvægi þess að hægt sé að bjóða stúdentum húsnæði á eins og lágu verði og mögulegt er. Húsnæðiskostur á lágu verði fyrir stúdenta er eitt af meginmarkmiðum stúdentagarðanna. Óhætt er að fullyrða að ef rekstrargrundvöllur garðanna býður ekki upp á að hægt sé að halda leiguverði í lágmarki er forsendan fyrir frekari uppbyggingu og framgangi orðin veik.


Annað það helsta sem stúdentar sækja í á görðunum er sá stöðugleiki sem tryggður hefur verið. Yfirburðir stúdentagarðanna á þessu sviði gagnvart hinum almenna leigumarkaði eru ótvíræðir. Bæði hefur verið kappkostað að auka framboð til að svara aukinni eftirspurn auk þess sem einstaklingar búa við það öryggi að fá leigt til lengri tíma án þess að eiga það á hættu að missa húsnæðið.

Ljóst er að hinn almenni leigumarkaður er engan veginn samkeppnisfær hvað varðar lágt verð og stöðugleika. Framtíðartrygging fyrir því að boðið verði upp á húsnæði á eins hagkvæmu verði og mögulegt er og stöðugleika fyrir stúdenta er engin á hinum almenna markaði.

Breytingar á frumvarpi til laga um húsnæðismál til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu stúdentagarðanna er nauðsynleg forsenda þess að viðhalda því félagslega leigukerfi sem byggt hefur verið upp stúdentum til handa. Öflugir stúdentagarðar eru nauðsynlegir til að tryggja áframhaldandi jafna möguleika til náms við Háskóla Íslands þrátt fyrir ólíkar aðstæður fólks.

Ítrekað er talað um það í frumvarpinu að uppbygging leigumarkaðarins sé eitt af meginmarkmiðunum. Það kemur því á óvart að eins illa sé vegið að uppbyggingu stúdentagarðanna og raun virðist vera vitni. Stúdentaráð beinir þeim eindregnu tilmælum til félagsmálanefndar Alþingis að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda og gerðar verði þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggjast verði að öflug uppbygging stúdentagarðanna verði möguleg í framtíðinni.

Með vinsemd og virðingu,



Ásdís Magnúsdóttir,
formaður Stúdentaráðs HÍ.

Hjálagt:

Ályktun stjórnar Stúdentaráðs dags. 8. apríl 1998.

Afrit sent:

Félagsmálaráðherra

Menntamálaráðherra


Reykjavík, 8. apríl 1998.

Ályktun

Stjórn Stúdentaráðs mótmælir harðlega þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á húsnæðiskerfinu og hafa það í för með sér að illa er vegið að framtíðaráformum um öfluga uppbyggingu stúdentagarðanna. Margt bendir til þess að stefna stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu stúdentagarðanna sé algjört afskiptaleysi. Árið 1997 fékkst engin úthlutun lána til uppbyggingar garðanna úr byggingarsjóði verkamanna og stefnir allt í það sama í ár. Fyrirætlanir um útlán árin 1999 og 2000 benda síður en svo til þess að úrbóta megi vænta og eftir það er framtíðin óskrifað blað. Margt í nýgerðu frumvarpi bendir auk þess til aukins kostnaðar og óhagstæðari lána sem gera framtíðarhorfur síður en svo góðar.

Stjórn Stúdentaráðs beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að tryggt verði að áfram geti átt sér stað öflug uppbygging á félagslegum leiguíbúðum eins og stúdentagörðunum og komið verði í veg fyrir að stoðunum verði kippt undan rekstrargrundvelli garðanna.

Samþykkt einróma á fundi stjórnar þann 8. apríl 1998,



Ásdís Magnúsdóttir,
formaður Stúdentaráðs, HÍ.